



Eyrún María Rúnarsdóttir ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við Deild menntunar og margbreytileika, Háskóla Íslands:



Ethnicity, immigration and adolescent well-being in the context of sociodemographic background and social support

Líðan ungmenna af ólíkum uppruna með hliðsjón af félagslegum bakgrunni þeirra og félagslegum stuðningi

Vörnin fer fram föstudaginn 22. nóvember kl. 13.00 í Hátíðasal Háskóla Íslands.

Andmælendur eru dr. Álfgeir L. Kristjánsson, dósent við West Virginia University, Bandaríkjunum, og dr. Peter F. Titzmann, prófessor við Leibniz University, Þýskalandi.

Leiðbeinandi var dr. Rúnar Vilhjálmsson, prófessor við Háskóla Íslands, og meðleiðbeinandi dr. Ólöf Garðarsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands.

Auk þeirra sátu í doktorsnefnd Sigrún Aðalbjarnardóttir, prófessor við Háskóla Íslands og Robert Crosnoe, prófessor við University of Texas.

Dr. Atli Harðarson, formaður doktorsnámsnefndar, stjórnar athöfninni.

Um verkefnið

Markmið rannsóknarinnar var að kanna: 1) hvernig félagslegur stuðningur og félagsleg og efnahagsleg staða í fjölskyldu auk efnahagsstöðu íbúa hverfis tengdist líðan og lífsánægju ungmenna af ólíkum þjóðernisuppruna og 2) hvers konar félagslegan stuðning unglíngar af erlendum uppruna gátu sótt til íslenskra vina og vina sem einnig höfðu erlendan bakgrunn. Rannsóknargögn voru spurningalistar sem lagðir voru fyrir unglíngar annars vegar í landskönnuninni Heilsa og lífskjör skólanema (HBSC – Health Behaviour in School-Aged Children) og hins vegar í nýrri rannsókn sem framkvæmd var fyrir þetta verkefni. Helstu niðurstöður voru að meiri vanlíðan og minni lífsánægja kom fram hjá ungmönnum af pólskum og asískum uppruna samanborið við ungmenni sem höfðu íslenskan uppruna. Atriði á borð við bágari efnahag fjölskyldu, að búa ekki hjá báðum foreldrum eða að foreldrar voru án vinnu tengdust síðri líðan og lífsánægju ungmenna. Jafnframt nutu ungmenni af erlendum uppruna síður stuðnings foreldra, vina og bekkjarfélaga en ungmenni af íslenskum uppruna, sem einnig skýrði lakari líðan og minni lífsánægju. Efnahagur fjölskyldna í íbúahverfi tengdist líðan og lífsánægju unglíngar, en ávinningur þess að búa í skólahverfi þar sem efnahagsstaða fjölskyldna var betri skilaði sér síður til unglíngar af erlendum en innlendum uppruna. Þegar borinn var saman aðgangur hópanna að félagslegum stuðningi vina, nutu unglíngar af erlendum uppruna síður tilfinningalegs stuðnings íslenskra vina en unglíngar sem höfðu íslenskan uppruna. Niðurstöður rannsóknarinnar undirstrika mikilvægi þess að bæta stöðu innflytjendafjölskyldna á Íslandi og huga betur þeim stuðningsúrræðum sem til staðar eru og standa ungmönnum af erlendum uppruna til boða.

Enska

The aim of the study was to investigate 1) how social support and sociodemographic background both at the individual level and neighborhood levels related to well-being of adolescents of different ethnic backgrounds in Iceland, and 2) how foreign-origin adolescents perceived social support from friends by two friendship networks; native friends and foreign-origin friends. Quantitative datasets used in the study come from the Icelandic population-based study Health Behavior in School-Aged Children (HBSC) and a data collection that was designed for this study. Findings revealed that youth of Polish and Asian origin were on average at a disadvantage compared to native youth, in terms of family affluence, the likelihood of belonging to non-intact families, and having non-employed parents. Furthermore, they perceived less social support from family, friends, and classmates compared to native youth. These disadvantages were associated with adolescents' well-being. Neighborhood (school area) family affluence corresponded to more well-being in general, but foreign-origin adolescents were less likely to benefit from higher level neighborhood affluence compared to native adolescents. Furthermore, the perceived social support from friends differed by the origin of friends as foreign-origin adolescents perceived more social support from other foreign-origin friends than native friends. In conclusion, the findings underscore the importance of improving the social and economic status of immigrant families. It is also of importance to increase resources and access to supportive systems for foreign-origin youth.

Um doktorsefnið

Eyrún María Rúnarsdóttir er fædd á Egilsstöðum árið 1972. Hún lauk BA-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði frá Háskóla Íslands árið 1996 og meistaraþrófi í sömu grein árið 2002. Eyrún hefur lengst af starfað sem rannsakandi í innlendum og erlendum rannsóknarverkefnum og sem stundakennari og aðjunkt við Háskóla Íslands. Í rannsóknum, kennslu og leiðsögn nemenda í lokaverkefnum leggur Eyrún áherslu á samskipti í uppeldis- og skólastarfi, vináttu barna og unglíngar og málefni ungmenna af erlendum uppruna. Hún starfar nú sem aðjunkt í Deild menntunar og margbreytileika á Menntavísindasviði. Eyrún er gift Þórði Heiðari Þórarinssyni fjármálastjóra og á þrjú börn, þau Unni Söru, Hrannar Daða og Heiðar.